

17

29. marz

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jarðirnar Borg, Dynjanda og Rauðsstaði í Auðkúluhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Bætur fyrir eignarnám jarðanna skulu metnar af gerðardómi 3 manna. Skulu 2 gerðardómsmanna skipaðir af sýslumanni Ísafjarðarsýslu, en hinn þriðji skal vera landnámsstjóri ríkisins. Að öðru leyti skal fara eftir l. nr. 61/1917, eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. marz 1957.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

18

6. apríl

AUGLÝSING

um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, herra Ásgeir Ásgeirsson, fór í dag í einkaerindum til útlanda og mun verða fjarverandi nokkrar vikur.

Í fjarveru hans fara forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í forsætisráðuneytið, 6. apríl 1957.

Hermann Jónasson.

Birgir Thorlacius.